

## **30. Fundur bæjarráðs Blönduósþæjar þriðjudaginn 28. júní 2011, kl. 09:00.**

**Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

### **Dagskrá:**

- 1. Fundargerðir:**
    - a) Fræðslunefnd frá 21. júní 2011**
    - b) Landbúnaðarnefndar frá 17. júní 2011**
    - c) Félags-og skólaþjónustu A-Hún frá 27. maí 2011**
    - d) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 6. júní 2011**
  - 2. Samningar um leiguland í landi Blönduósþæjar**
  - 3. Bréf frá Umboðsmanni Alþingis frá 6. júní 2011**
  - 4. Úrskurðarnefnd um upplýsingarmál frá 1. júní 2011**
  - 5. Lokunaráætlun vegna urðunarstaðar í Draugagili**
  - 6. Kennslumagn Blönduóskóla skólaárið 2011-2012**
  - 7. Ársreikningur Háubrekku 2010**
  - 8. Ársreikningur Skúlahorns 2010**
  - 9. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi 8. júní 2011**
  - 10. Bréf Ögmundi Þorgrímssyni frá 20. júní 2011**
  - 11. Bréf SSVN frá 14. júní 2011**
  - 12. Bréf frá Lögmannsstofunni Lex frá 10. júní 2011**
  - 13. Önnur mál**
- 

*Formaður bæjarráðs óskar eftir að taka fyrst á dagskrá liðinn Önnur mál. Samþykkt samhljóða.*

### **Afgreiðslur:**

#### **Önnur mál**

**a) Kjör formanns bæjarráðs**

*Tillaga kom um Kára Kárason sem formann bæjarráðs. Tillagan samþykkt samhljóða.*

**b) Kjör varaformanns bæjarráðs**

*Tillaga kom um Zophonías Ara Lárusson sem varaformann bæjarráðs. Tillagan samþykkt samhljóða.*

#### **1. Fundargerðir:**

**a) Fræðslunefnd frá 21. júní 2011**

*Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.*

**b) Landbúnaðarnefndar frá 17. júní 2011**

*Fundargerðin er í 1 lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.*

**c) Félags-og skólaþjónustu A-Hún frá 27. maí 2011**

*Fundargerðin er í 9 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.*

**d) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 6. júní 2011**

*Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.*

**2. Samningar um leiguland í landi Blönduósbæjar**

*Lagður fram samningur um leiguland í landi Blönduósbæjar milli Blönduósbæjar og Jakobs Víðis Kristjánssonar um leigulandið K 10 sem er 30.878 fermetra að stærð.*

*Bæjarráð samþykkir samninginn.*

*Lagður fram samningur um leiguland í landi Blönduósbæjar milli Blönduósbæjar og Hjartar K. Einarssonar um leigulandið H3 sem er 32.575 fermetra að stærð.*

*Bæjarráð samþykkir samninginn og er þá samningur við Hjört frá árinu 2008 uppfylltur.*

**3. Bréf frá Umboðsmanni Alþingis frá 6. júní 2011**

*Umboðsmaður Alþingis óskar eftir gögnum máls er snerta þau skilyrði sem Ljón Norðursins verður að uppfylla til að hljóta leyfi til að reka veitingastað á Blönduósi.*

*Bæjarstjóra falið að taka saman umrædd gögn.*

**4. Úrskurðarnefnd um upplýsingarmál frá 1. júní 2011**

Með bréfi, dags. 11. október 2010, kærði Oddný María Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi, synjun Blönduósbæjar um að afhenda afrit af ráðningarsamningum sveitarfélagsins en henni var heimilaður aðgangur að umræddum gögnum á grundvelli 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 sem lýtur að aðgangi aðalmanna í sveitarstjórn að bókum og skjölum sveitarfélagsins. Gerð var sú krafa að viðkomandi kynnti sér efni og innihald samninganna á skrifstofu Blönduósbæjar í samræmi við fyrrgreind lög.

Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar var að Blönduósbæ ber að afhenda kæranda afrit af umbeðnum ráðningarsamningum á grundvelli upplýsingalaga og að henni sé heimilt að taka ráðningarsamninganna út af skrifstofu Blönduósbæjar.

Hörður Ríkharðsson leggur fram eftirfarandi bókun:

Það er sorglegt til þess að hugsa að starfsmenn Blönduósbæjar beri ekki meira traust til bæjarfulltrúa en svo að þeir kjósi kostnaðarsaman málalíbúnað frekar en a veita bæjarfulltrúa upplýsingar sem óumdeilt er að bæjarfulltrúar eiga rétt á að kynna sér. Vegna þessa máls er nauðsynlegt að fá skýr svör við eftirfarandi spurningum:

- 1) Hvenær var sú ákvörðun tekin að neita bæjarfulltrúa um umbeðnar upplýsingar
- 2) Hver eða hverjir tóku þá ákvörðun?
- 3) Hver eða hverjir tóku ákvörðun um að kaupa lögfræðikostnað vegna málsins og hvaða fjárheimildir voru til þess?
- 4) Yfirlit yfir allan kostnað bæjarins vegna málsins

## **5. Lokunaráætlun vegna urðunarstaðar í Draugagili**

Blönduósbær ábyrgist að staðið verði við þær skyldur sem fram koma í lokunaráætlun og sem verða settar fram í fyrirmælum um frágang og vöktun urðunarstaðarins í Draugagili sbr. 43. gr. laga nr. 55/2003 sbr. lög nr. 58/2011. Af hálfu Blönduósbæjar er litið svo á að yfirlýsing þessi jafngildi starfsleyfistryggingu sbr. 41. gr. laga nr. 55/2003 sbr. lög nr. 58/2011 með vísan til d-liðar 5. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003. Ábyrgð þessi gildir í allt að 30 ár eftir lokun urðunarstaðarins.

## **6. Kennslumagn Blönduóskóla skólaárið 2011-2012**

Kennslumagn sem Blönduskóli sækir um skólaárið 2011-2012 eru samtals 370 kennslustundir.

Lagt fram til kynningar.

**7. Ársreikningur Háubrekku 2010**

*Ársreikningur fyrir Háubrekku 2010 lagður fram.*

*Bæjarráð samþykkir ársreikninginn.*

**8. Ársreikningur Skúlahorns 2010**

*Ársreikningur fyrir Skúlahorn 2010 lagður fram.*

*Bæjarráð samþykkir ársreikninginn.*

**9. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi 8. júní 2011**

*Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Jóhönnu E. Pálmadóttur, kt. 0470858-5049, f.h. Textílseturs Íslands ses. kt. 680405-1150, um leyfi til gistingar í flokki II í Kvennaskólanum á Blönduósi.*

*Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, samþykkir bæjarráð fyrir sitt leyti umsóknina.*

*Samkvæmt fylgiskjali með umsókninni er hnykkt á því að gisting sem fram fer í Kvennaskólanum muni eingöngu vera tengd starfsemi sem í húsinu er.*

**10. Bréf frá Ögmundi Þorgrímssyni frá 20. júní 2011**

*Óskað er eftir afstöðu húsfélagsins hvort að sameignin í Hnjúkabyggð 27 sé til sölu. Erindið er sent bæjarráði Blönduósbæjar þar sem bærinn á 10 af 14 íbúðum Hnjúkabyggðar 27.*

*Erindinu vísað til skipulags-, byggingar-og veitunefndar og hvort að því verður viðkomið samkvæmt lögum og reglum að breyta notagildi sameignar með þeim hætti sem umsóknin lýtur að.*

**11. Bréf SSNV frá 14. júní 2011**

*Á 18. ársþingi SSNV árið 2010 var stjórn falið að kanna möguleika á að koma á sameiginlegri barnaverndarnefnd á Norðurlandi vestra. Á fundi stjórnar þann 8. júní sl. voru lögð fram til umræðu drög að greinargerð um sameiginlega barnaverndarnefnd á Norðurlandi vestra. Á þeim fundi samþykkti stjórn að mæla með því við sveitarfélögin að stofna sameiginlega barnaverndarnefnd sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra og samþykkti eftirfarandi:*

*„Stjórn SSNV leggur til við aðildarsveitarfélögin að stofnuð verði sameiginleg barnaverndarnefnd aðildarsveitarfélaganna. Kosið verði í nefndina á 19.*

*ársþingi SSNV og taki nefndin til starfa 1. janúar 2012. Þá samþykkti stjórn að vísa tillögunni til afgreiðslu 19. ársþings."*

*Lagt fram til kynningar.*

## **12. Bréf frá Lögmannsstofunni Lex frá 10. júní 2011**

*Með bréfi Blönduósbæjar 22. desember 2009, sagði Blönduósbær upp byggingarbréfi sem tekur til jarðarinnar Kleifa. Með bréfi frá Lögmannsstofunni Lex er uppsögninni mótmælt*

*Lagt fram til kynningar.*

## **13. Önnur mál**

*Við yfirferð á samanburðargögnum um rekstur barnaverndar og félagsþjónustu í nágrennasveitarfélögum gefa gögnin tilefni til að skoða frekar sundurliðun á kostnaði nefndanna.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 12:55*

*Kári Kárason (sign.)  
Zophonías Ari Lárusson (sign.)  
Hörður Ríkharðsson (sign.)*

*Arnar Þór Sævarsson (sign.)*